

Vinnutími og hvíldartímareglur



Vinnutími

Um vinnutíma er fjallað í kjarasamningum. Í kjarasamningum 2020 var samið um betri vinnutíma, svo vinnutími vaktavinnufólks verður 36 stundir frá 1. maí 2021.

Dagvinnumörk eru skilgreind í kjarasamningi. Oft eru þau á milli 8 og 17 á virkum dögum, en þó má semja um annað.

Hámarksvinnutími að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir á viku að meðaltali.

Hámark næturvinnu skal að jafnaði ekki vera meira en 8 klst. á sólarhring.



Hvíldartímareglur

- Reglur um hvíldartíma eru í lögum og kjarasamningum.
- Lágmarksreglur og á almennt ekki að víkja frá þeim.
- Settar með heilsu og öryggi starfsmanna að leiðarljósi.
- Stjórnandi ber meginábyrgð, en starfsmenn bera líka ábyrgð.



Meginreglur

- **Lágmarkshvöld** á sólarhring 11 tímar samfelld.
- Reiknað frá upphafi vinnudags eða vaktar.
- Mikilvægasta reglan og á almennt ekki að víkja frá henni.



Frávik frá daglegri lágmarkshvöld

- Á vaktaskiptum heimilt að stytta í 8 klst.
 - Undantekning, á að takmarka notkun.
- Ef upp koma ófyrirséð atvik má einnig stytta hvöld í 8 klst.
 - Halda þarf uppi nauðsynlegri öryggis- eða heilbrigðisþjónustu.
 - Bjarga þarf verðmætum.
 - Slys, náttúruhamfarir.
- Of stutt hvöld milli vakta getur haft alvarleg áhrif á heilsu og öryggi starfsfólks.



Vikulegur frídagur

- Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá minnst einn frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma.
 - 24 klst. + 11 klst. = 35 klst.
- Almenna reglan er sunnudagur, en heimilt að víkja frá því.



Frítökuréttur

- Ef brot verða skapast frítökuréttur.
- Ef stjórnandi fer fram á að starfsmaður mæti til vinnu áður en 11 klst. lágmarkshvíld er náð skapast frítökuréttur, 1,5 klst. (í dagvinnu) fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist.
- Starfsmaður á ekki að mæta aftur til vinnu fyrr en hann hefur náð 11 klst. hvíld nema hann hafi sérstaklega verið beðinn um það.
- Einnig ef vikulegur frídagur skerðist.



Virðum hvíldartímareglur

- Hvíldartímareglur eru settar með hagsmuni starfsfólks að leiðarljósi.
- Hingað til hefur oft verið erfitt að skipuleggja vaktskrá, sérstaklega hjá fólki í fullu starfi, og virða hvíldartíma.
- Með betri vinnutíma verður auðveldara að virða lágmarksreglur um hvíldartíma.
- Mikilvægt er að starfsfólk og stjórnendur þekki reglur og virði þær.

